kanon arkitektar

VSÓ RÁÐGJÖF

SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA

Drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja
Athugasemdir

2012

www.vso.is

Borgartún 20
105 Reykjavík

585 9000
vso@vso.is

1 Athugasemdir

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Umhverfisstofnun

HS Orka

Hafnarfjörður

Landsnet

Garðabær

Landeigendur í Vogum

Innanríkisráðuneyti

Landvernd

Siglingastofnun

Veðurstofan

HES

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA

SUÐURNES PUBLIC HEALTH AUTHORITY

Reykjanesbær 29. feb. 2012

Samstarfsnefnd um svæðisskipulag
b.t. Ásmundur Friðriksson form.
Sunnubraut 4
250 Garður

Athugasemdir við svæðisskipulagsdrög

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja leggur til að grannsvæði vatnsbólanna í Lágum samkv. reglug. nr. 533/2001 nái yfir aðrennsli grunnvatns að vatnsbólunum. Samkvæmt korti ISOR yfir grunnvatnsstrauma rennur meginstraumur grunnvatns til vatnsbólanna frá Fagradalsfjalli undir Grindavíkurveg á ca. 3 km kafla. Ef bílvelta verður á þessum kafla, og umtalsvert magn olíu rennur niður í jarðvegin, munu vatnsból Suðurnesjamanna spillast á örfáum vikum með öllum þeim afleiðingum sem af því hlytist fyrir fyrirtæki og heimili á Suðurnesjum.

HES gerði ekki athugasemdir við nýlegt aðalskipulag Grindavíkur. Þar takmarkast grannsvæði vatnsbólanna í austur af Grindavíkurveginum. Samkvæmt upplýsingum sem embættið aflaði sér voru þessi mörk sett að tillögu grunnvatnssérfræðinga hjá ISOR, þeim sömu og HES leitar til í álitaefnum sem varðar grunnvatn.

Þann 16. janúar sl. valt olíubíll á hliðina í Hestfirði við Ísafjarðardjúp. Þessi atburður varð til þess að HES fór nánar í saumana á þeim forsendum sem sérfræðingar ISOR gáfu sér þegar þeir gerðu tillögu að grannsvæði vatnsbólanna í Lágum.

Í ljós kom að sérfræðingarnir höfðu yfir höfuðið ekki velt fyrir sér afleiðingum af olíuslysi á Grindavíkurveginum, heldur er grannsvæðið miðað við lífræna mengun.

Heimilisfang:
Skógarbraut 945
235 Reykjanesbæ
Iceland

SÍMI / FAX:
+ (354) 420 3288
+ (354) 421 3766

HEIMASÍÐA:
www.hes.is

Lítil hætta er á lífrænni mengun á aðrennslissvæði vatnsbólanna. Slík mengun er oftast frá landbúnaði en engin slík starfsemi er á svæðinu. Hinsvegar eru þar miklir olíuflutningar.

Í framhaldi af þessu funduðu starfsmenn HES með sérfræðingum ISOR þeim Árna Hjartarsyni og Þórólfi Hafstað ásamt Stefáni Gunnari Thors hjá VSÓ. Á fundinum staðfestu sérfræðingarnir að bílvelta, jafnvel þó að ekki væri um að ræða olíubíl, sem yrði á nefndum vegarkafla, gæti spillt vatnsbólum Suðurnesjamanna á stuttum tíma.

Þetta mál var síðan rætt í heilbrigðisnefnd Suðurnesja þann 30. janúar sl. Þar var samþykkt að stækka grannsvæðið svo að það næði yfir allt aðrennsli vatnsbólanna frá Fagradalsfjalli. Heilbrigðiseftirlitinu var falið að hnitsetja grannsvæðið og leggja fyrir næsta heilbrigðisnefndarfund. Rétt er að vekja athygli á að samkv. reglugerð nr. 533/2001 hvílir sérstök skylda á heilbrigðisnefndum og sveitarstjórnum að koma í veg fyrir að neysluvatn spillist. Þetta á bæði við vatnsból sem eru í notkun í dag og þau svæði sem kunna síðar að verða tekin undir vatnsból.

Niðurstaða:

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja getur ekki fallist á núverandi tillögu að svæðisskipulagi nema grannsvæði vatnsbólanna í Lágum verði lengt í austur svo að aðstreymi þeirra verði verndað eins og kostur er.

Virðingarfyllst

Magnús H. Guðjónsson
framkv.stj. HES

Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb.
15. des. 2011
10.4.1
Tilv.

Reykjanesbær
Ásmundur Friðriksson
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. desember 2011
Tilvísun: UST20111000218/ksj

Drög að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024. Umsögn

Vísað er til erindis samvinnunefndar svæðisskipulags Suðurnesja er barst 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2014 og verkefnislýsingu skipulagsvinnunar.

Náttúruverndarsvæði

Eins og fram kemur í drögum að svæðisskipulagi Suðurnesja eru alls 15 svæði á náttúruminjaskrá, þar af er eitt náttúruvætti, fólkvangur og friðland staðsett innan svæðisskipulagssvæðisins. Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði kemur fram að í svæðisskipulagsáætluninni verði áhersla á frumkvæði heimamanna hvað varðar framtíðarverndun og/eða friðlýsingu náttúru á Suðurnesjum. Í umfjölluninni segir: *„Friðlýsing felur í sér takmarkanir á landnotkun og hún þarf einnig að fela í sér skýra framtíðarsýn á aðgengi og viðhald viðkomandi svæða .“* Einnig kemur fram að; *„ Það er stefna svæðisskipulagsins að vinna ekki að óbreyttu að friðlýsingu svæða á Suðurnesjum eins og þau eru afmörkuð í þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 (Alþingi, 2009). Í stað þess er lögð fram stefna um jarðvang(geopark) sem nær yfir öll Suðurnesin.“* Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing annars vegar og stofnun jarðvangs hins vegar eru tvær afar ólíkar stefnur varðandi verndun náttúruminja. Að mati Umhverfisstofnunar er það mjög miður að ekki skuli stefnt að friðlýsingu samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda enda eru verndarhagsmunir enn mjög miklir innan á landssvæðis svæðisskipulagsins að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing er ein tegund landnýtingar og telur stofnunin að hægt sé að stefna áfram að friðlýsingu þeirra svæða er um ræðir enda felur friðlýsingin í sér að samkomulag milli landeigenda, sveitarfélaga og ríkisins.

Háhitasvæði og orkuvinnsla

Í umfjöllun um háhitasvæði og orkuvinnslu kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru 5 skilgreind háhitasvæði. Þau svæði eru Reykjanes, Stóra Sandvík, Eldvörp-Svartsengi, Trölladyngja og Sandfell. Virkjanir eru nú þegar á háhitasvæðum í Svartsengi og á

Reykjanesi. Einnig kemur fram eftirfarandi í greinargerðinni: *„Nýting háhitasvæða til orkuframleiðslu hefur áhrif á verndargildi þeirra.Þau áhrif felast m.a. í ásýndarbreytingum vegna rasks og mannvirkja, beinum og óbeinum áhrifum á jarðmyndanir og vistkerfi, hávaða og breytingum á loftgæðum. Nýting jarðhita til orkuframleiðslu hefur einnig áhrif á jarðhitaauðlindina með þrýstings- og vatnsborðslækkun í jarðhitageyminum. Auk virkjana og borana er nauðsynlegt að byggja flutningskerfi fyrir rafmagn, sem getur haft bein og óbein áhrif á umhverfið."* Einnig kemur fram að ofangreind háhitasvæði eru að öllu eða miklu leyti innan svæða á náttúruminjaskrá eða Reykjanesfólkvangs sem er friðlýstur. Vegna ástæðna er fram koma hér að framan er Umhverfisstofnun ekki hlynnt orkunýtingu innan Reykjanesfólkvangs og ekki hlynnt ágengri orkunýtingu á svæðum á náttúruminjaskrá, sem hefur í för með sér rýrnun á verndargildi svæðanna. Stofnunin bendir einnig á að þótt að stefnt sé á sjálfbæra nýtingu háhitasvæða í drögum að svæðisskipulagi Suðurnesja, þá er nýting í Svartsengi og á Reykjanesi ágeng orkunýting. Í Svartsengi hafa verið vandkvæði með förgun affallsvatns frá virkjun og Bláa Lóninu og stöðugt verið að bora nýjar niðurdælingaholur. Einnig hefur affallsvatn flætt um hraun og í hraungjótur og haft óafturkræf áhrif á gróðurlendi s.s. mosa en einnig á hraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að nýting jarðhitaauðlindarinnar verði sjálfbær í framtíðinni. Að mati Umhverfisstofnunar þarf umgengni á virkjanasvæðum að taka mið af því að ganga vel um jarðhitasvæði og að svæðunum sé skilað til næstu kynslóða án óþarfa röskunar á jarðminjum við uppbyggingu jarðhitanýtingar. Á Reykjanesi hefur virkjanasvæðið orðið fyrir mikilli röskun bæði vegna sjálfrar virkjunarinnar en einnig vegna eldri framkvæmda. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í svæðisskipulagi Suðurnesja komi fram tímasettar áætlanir um förgun affallsvatns frá Svartsengi til framtíðar. Einnig hefur aukin yfirborðsvirkni haft mikil áhrif á hverasvæði Gunnuhvers og aðliggjandi svæði, og telur Umhverfisstofnun mikilvægt fyrir svæðið að slík röskun verði ekki umhverfis nýjar virkjanir ef til þeirra kemur.

Vatnsverndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð, að vel skilgreind vatnsverndarsvæði séu óvíða mikilvægari en á Suðurnesjum og telur stofnunin ábyrgð sveitarfélaganna mikla þegar kemur að því að gæta auðlindarinnar. Umhverfisstofnun telur að svo sé gert á viðeigandi hátt með stefnumörkun í svæðisskipulaginu þar sem skilgreind eru víð brunnsvæði um hvert vatnsból.

Í umfjöllun um atvinnusvæði í umhverfisskýrslu kemur fram að umfang atvinnusvæða sem kallast A, B og D eru að hluta inn á grannsvæði vatnsverndar og því ríkir óvissa um umhverfisáhrif þar sem slíkt er háð þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á því svæði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja í svæðisskipulagið stefnumörkun um að aðeins sú starfsemi sem ekki hefur í för með sér hættu á mengun verði leyfð á grannsvæðum ofangreindra atvinnusvæða.

Strandlengjan

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að fjaran hefur að geyma mikilvæg vistkerfi ásamt því að hafa mikið útivistargildi. Svæðið sem ofangreint

svæðisskipulag nær yfir hefur að geyma miklar og fagrar strendur,ólgandi brim o.s.frv. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjörur verði vaktaðar á reglubundinn hátt þar sem frárennsli er frá iðnaði svo sem við Reykjanesvirkjun ásamt því að frárennsli mun í framtíðinni fara í sjó fram t.d. frá senegalflúrueldi ef áætlanir um slíkt eldi verða að veruleika. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að viðbragðsáætlun sé til staðar ef óhöpp verða.

Fráveita

Um leið og Umhverfisstofnun tekur undir áform um frekari uppbyggingu fráveitu sem fram koma í greinargerð, vill stofnun benda á áætlun og tímamörk fyrir fráveitur í reglugerð nr. 798/1999. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að áætlanir í svæðisskipulaginu um frekari uppbyggingu fráveitu í sveitarfélaginu verði tímasett.

Efnisnám

Í umfjöllun um efnistökusvæði í greinargerð kemur fram að efnistökusvæðið við Stapafell, Súlur og Rauðamel verði megin efnistökusvæði fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og bendir á mikilvægi þess að efnistaka og raskið er henni fylgir verði þannig á einum stað en ekki dreifð um sveitarfélögin.

Skógrækt

Í umfjöllun um skógrækt í greinargerð kemur fram að við áframhaldandi skógrækt á Suðurnesjum, og ef komi til þess að rækta skóg á nýjum svæðum, þá verði þess gætt að raska ekki eða rýra sérstakar náttúruminjar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til nútímahrauna og annarra náttúruminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að við gerð skógræktaráætlana sé hugað að því að skógurinn muni falla vel að landslagi Suðurnesja sem er mikið til bert jarðminjalandslag. Umhverfisstofnun bendir einnig á að innan Suðurnesja er að finna upprunalegan birkiskóg á nokkrum stöðum og bendir stofnunin því á mikilvægi verndun upprunalegra birkiskóga. Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:
„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar."
Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Samfélag og sjónræn áhrif

Í umfjöllun um áhrif á samfélag eru taldir upp þeir þættir er taka verði tillit til við skipulag og nýtingu háhitasvæða. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti einnig að fjalla um sjónræn áhrif þeirra framkvæmda og mannvirkja sem fyrirhuguð nýting kemur til með að hafa í för með sér og hvaða áhrif hún getur haft á upplifun fólks af svæðinu með tilliti til þess útivistargildis sem svæðið hefur.

Niðurstaða mats

Umhverfisstofnun er ekki hlynnt áætlunum um jarðhitanýtingu innan fólkvangs, sem er friðlýst svæði. Einnig telur Umhverfisstofnun að það sé mikilvægt að nýting jarðhita á náttúruminjasvæðum á náttúruminjaskrá sé í anda sjálfbærrar þróunar, bæði hvað varðar jarðhitageyminn og framkvæmdir á svæðunum. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að gæta þurfi að vatnsbólum Suðurnesja og ítrekar það að aðeins sú starfsemi sem ekki hefur í för með sér hættu á mengun verði leyfð á grannsvæðum sem eru innan atvinnusvæða. Náttúrufar á Suðurnesjum er afar sérstætt, því þarf að taka mið af því við áætlanir um skógrækt. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að tímasetja áætlanir um frekari uppbyggingu fráveitu.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

HS ORKA HF

Minnisblað HS Orku hf. og HS Veitna hf.

Athugasemdir, ábendingar og tillögur til úrbóta við skjalið „Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024“ og fylgiskjöl.

Ein létt athugasemd: Það stingur í augu að áætlunin nær þrjú ár aftur í tímann. Mætti ekki frekar gera grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið á árunum 2008 til 2011 og hvað hefur áunnist á því tímabili. Síðan tekur sú framtíð við sem áætlunin snýst um eða tímabilið 2012 til 2024.

Verkefnalýsing skipulagsvinnu: Engar alvarlegar athugasemdir.

Umhverfisskýrsla (Drög); Október 2011:

- **Bls. 4**:
  - 4. mgr. mætti kannski orða svo: Svæðisskipulagið mun fyrst og fremst fjalla um mál og málaflokka þar sem hagsmunir sveitarfélagana fara saman og sameiginleg stefnumótun beinir framtíðarþróun í tiltekinn farveg sem sveitarfélögin stýra.
  - Í áhrif umhverfismats…: Fyrsti pkt.: Ath. sagt er „greina áhrifaþætti… sem verða fyrir áhrifum“. Þarna væri betra að tilgreina hvaða þætti skýrsluhöfundar hafa í huga (ásamt umhverfisþáttum, sem eru tilgreindir).

- **Bls.6 Tafla 1/samfélag/útskýringar:** Hvergi er minnst á að reynsla og þekking jarðhita-, grunnvatns-, kolsýru- og sjávarnýtingar HS er skólum og almenningi aðgengileg og mikilvæg rannsóknum og þróun.
- **Tafla1/Auðlindir/Undirþættir:** Í upptalninguna vantar „hreinn kaldur sjór“.
- **Bls. 8. Þriðji kafli að neðan, (Ásýnd, umsvif,....)** : Hér mætti bæta við að borholurannsóknir gefa mikilvægar upplýsingar um jarðfræði Reykjanesskagans/uppbyggingu hans og hluta jarðskorpunnar, opinbera eðli grunnvatns- og jarðhitaforða hans þ.e.a.s. ríkjandi lögmál efnafræði, varmafræði og vökva- og efnisflutninga forðans. Borholurnar og jarðfræði þeirra opna mönnum fagran heim sem annars væri ósýnilegur. Að teknu tilliti til sjálfbærni, sem er þungamiðja skipulagsins þá er djúpborun lykilatriði (tímaskali 100-300 ár, umfang jarðhitaforðans, hitastig, djúpniðurdæling,hugsanleg „off shore“ jarðvarmavirkjun (mastersverkefni í HR) o.s.frv.)
- **Bls. 9. 4.1.6. Niðurstaða mats.** Svartsengi/Bláalónið fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi, heimsþekktur. Jarðhitanýting á Reykjanesskaganum er staðreynd og því ætti að vera keppikefli allra sem koma að skipulagsmálum og áætlanagerð um landnýtingu að vinna áfram með þá jákvæðu ímynd sem vinnslan og nýting í Svartsengi hefur skapað gegnum tíðina.

- **Bls. 10. 4.2. Auðlindir**:
  - Helstu náttúruauðlindir Suðurnesja... Bæta við kaldur hreinn sjór (Stolt) og kalt lítt mengað/hreint loft (Verne gagnaver).
  - Í upphafs mgr. er minnst á fjölbreytta atvinnustarfsemi. Það er líklega of mikið sagt með fullyrðingunni um að orka sem aflað er á Suðurnesjum sé undirstaða fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Hún getur hins vegar verið ein af stoðunum. Ýmis sveitarfélög með fjölbreytta atvinnustarfsemi hafa t.d. enga orkuframleiðslu innan sveitarfélagsins. Aðalatriðið er að svæðið/sveitarfélögin hafi á boðstólnum fjölbreytt úrval lóða sem henti ólíkum þörfum iðnaðar (og verslunar ef því er að skipta). Í eðli sínu er orkuvinnsla iðnaður og ef svæði býður upp á hentug vinnslusvæði þá er möguleiki á uppbyggingu í orkuiðnaði með tilheyrandi tekjum fyrir viðkomandi sveitarfélag í formi fasteignaskatta og e.t.v. auðlindagjalds. Orkuiðnaður er þannig hluti af atvinnustarfsemi og eykur á fjölbreytileika iðnaðar. Það er alls ekki forsenda fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi að á svæðinu sé orkuframleiðsla því Landsneti ber að flytja orku til iðnfyrirtækja um sameiginlegt flutningskerfi landsmanna, óháð staðsetningu. Svæðisþörf orkuiðnaðar er talsverð en oft er of mikið gert úr þeim hluta starfseminnar, þegar umhverfisáhrif eru metin, t.d. leggur svæðið við Urriðaholt með IKEA. BYKO o.fl. þjónustuaðila meira af hrauni (meira að segja nútímahrauni) undir sig en Reykjanesvirkjun gerði.
  - **4.2.1 – 3. mgr**. Samkvæmt niðurstöðuskýrslu faghópa 2. áfanga Rammaáætlunar (2010) flokkast fyrirhuguð virkjunarsvæði betur fallin til virkjunar en verndar, þó sem tiltölulega góðir .....
- **Bls. 11. 4.2.2 Samfélag, 5. lína í öðrum kafla**: ..... fræðslugildi óraskaðra jarðhitasvæða á yfirborði. – lítið er vitað um eðli óraskaðra jarðhitasvæða, vitneskja um þau fæst með yfirborðsrannsóknum og einkum borunum. Yfirgripsmiklar yfirborðarannsóknir eru ekki gerðar nema líkur standi til að svæðið sé virkjanlegt.
- **4.2.3. Eftirfylgni, þriðji og síðasti kafli**: Þar sem borun einnar vinnsluholu staðsetur oft þá næstu er brýnt að skilgreint sé á skipulagsuppdráttum áhrifasvæði jarðhitavinnslunnar. Ekki er unnt að skilgreina vinnslu- og niðurdælingasvæði fyrirfram því boranir og afkastamælingar skilgreina þau til skamms og langs tíma litið.
- **Bls. 12. Veitur og samgöngur**: Hvorki í umhverfismatinu né í svæðisskipulaginu er minnst á hitaveitu né boðveitu (ljósleiðaralagnir), bæta þarf úr þessu. Heita vatnið er jú frumþörf og jafnvel framar í forgangsröðinni en ferska vatnið.
- **Bls. 13. 4.3.5 Niðurstaða mats**: Landsnet vinnur með hugmyndir um kapallögn milli Svartsengis og virkjunarsvæðis í Eldvörpum. Þá hafa einnig verið settar fram hugmyndir að

tengingu milli Rauðamels/Svartsengi og jarðhitasvæðisins við Sveifluháls/Krýsuvík, samhliða veglínu Suðurstrandarvegar, en sú leið bætir talsvert afhendingaröryggi á Reykjanesskaganum, þ.e.a.s. hringtenging myndast með S-V línu.

- **Bls. 15.**
  - **4.5 Samfélag:** Megin atvinnugreinar..... Bæta við textann orkuvinnslu, heitt vatn og rafmagn.
  - **4.5.1. Helstu áhrif/annar kafli** .... sameiginlega menntastefnu ..... þar sem hvergi í texta skjalsins er minnst á iðnmenntun og starfsþjálfun henni samfara er brýnt að minnast á þessa þætti menntunar.

<u>Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024, Drög 17.10.2011.</u>

- **Bls. x. (Efnisyfirlit)** Vatnsveita breytist í Vatnsveita, hitaveita, boðveita.
- **Bls. 1**
  - **2. mgr.:** Ekki stenst að segja að „Hægt hefur á vexti íbúafjölda...eftir haustið 2008". Í reynd hefur íbúum svæðisins fækkað frá árinu 2008 og mgr. 2 og 3 ætti að umsemja m.t.t. þeirrar staðreyndar.
  - **4. mgr.**: Nákvæmara er að segja að heildar<u>flatarmál</u> sveitarfélaganna sé um 0,8% af <u>flatarmáli</u> Íslands
- **Bls. 3, hægri dálkur: Punktur #2:**
  - **Tillaga að texta: „**Gera skýrari skil á milli þeirra málaflokka þar sem samstarf sveitarfélaganna hentar og hinna þar sem samkeppni ríkir á milli þeirra".
- **Bls. 4, vinstri dálkur:** Eðlilegt er að velta fyrir sér hvort það muni flækja málin að einkahlutafélag í eigu ríkisins komi beint að málum sem almennt eiga að vera á forræði sveitarfélaga.
- **Bls. 4, hægri dálkur: punktur #2:** Lokasetning.: „Vinna þarf að því <u>að fá</u> auknar fjárveitingar..." þar sem fjárveitingarvaldið er ekki í höndum sveitarfélaganna eins og skilja mætti af orðalagi.
- **Bls. 7. Texti í brúna kassanum:**
  - **1)** í upptalningu náttúruauðlinda ætti að bæta við köldum hreinum sjó og köldu lofti,
  - **2)** skilgreina þarf ábyrga nýtingu, hagkvæma nýtingu og skynsama nýtingu.
  - **<u>Forsendur:</u>** Bæta við upptalningu náttúruauðlinda köldum hreinum sjó
  - **Varðandi pkt. 2** mætti e.t.v. orða með almennari hætti þar sem ekki bara orka frá jarðhitasvæðum á Suðurnesjum heldur <u>orka frá virkjunum landsins verði nýtt í</u>

þágu fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar. Það er t.d. Landsvirkjun sem mun afhenda orku til gagnavers á Vallarsvæðinu (Ásbrú og gangurinn).

- Neðsta mgr. vinstri dálkur: „...aðgengi að útivistarsvæðum, náttúru...".

- **Bls. 10. Texti vinstramegin við aðal texta/ Orkuframleiðsla og notkun:** Heildar rafaflsgeta virkjana er 175 MW í stað 180 MW. Þá er réttara að nota rafaflsgeta í stað framleiddrar raforku.

  Efst í vinstri textadálki:

  - **Aðgengi**... að sem flestir geti ..... Hér væri rétt að minnast á aðgengi hreyfihamlaða sem ekki getað notið svæðanna nema um þau séu greiðfærir slóðar.
  - **Lokasetning (tillaga að lokasetningu)**: „Þess vegna er ætlunin að kortleggja ástand fjölsóttustu náttúrusvæða, meta þolmörk þeirra og setja fram áætlun um hvernig megi tryggja gott aðgengi að þeim og um leið vernda gegn aukinni aðsókn/umferð".

- **Neðst í vinstri textadálki; Háhitasvæði og orkuvinnsla:** Hvað er átt við styrkleika jarðhitasvæðis. Styrkleika þarf að skilgreina. Loðið orðalag vekur spurningar. Ef hér er átt við eðliseiginleika jarðhitavökvans, gufuhita, aðgengi að jarðsjó og fersku vatni o.þ.h. þá væri eðlilegt að tilgreina þá þætti sem styrkleika. Það sem gefur jarðvarmavinnslu á Reykjanesskaganum sterka stöðu er gott aðgengi að fersku vatni, hreinum köldum jarðsjó og upphituðum jarðsjó eða affallsvarma – allt atriði sem fiskeldisfyrirtækið STOLT Seafood sótti í þegar eigendur ákváðu uppbyggingu á utanverðu Reykjanesi. CRI sækir aftur á móti í affallsgas frá virkjun en byggir einnig í ríkum mæli á notkun ferskvatns og raforku.

  Texti í hægra textadálki, næst síðasti kafli: Umfang orkuvinnslu ..... og opinberra stofnana.

  - 1) hvað er átt við með umfang?, er átt við aflframleiðslu, landssvæði undir mannvirki eða eitthvað annað.
  - 2) hvað er átt við með útfærslu mannvirkja, er átt við arkitektúr, virkjanagerð, fyrirkomulag virkjana o.s.frv.
  - 3) til hvaða atriða eiga settar reglur að taka,
  - 4) ítarlegar upplýsingar um „nýtanleika" jarðhitaauðlindar fást ekki nema með yfirgripsmiklum yfirborðsrannsóknum, borun rannsóknarholna og afkastamælingu þeirra.

  Í sömu mgr.: Hvað er átt við með „Vegna mikils náttúruverndargildis háhitasvæða". Skv. faglegu mati Rammaáætlunar er náttúruverndargildi háhitasvæða á

Reykjanesskaga ekki meira en annarsstaðar. Í reynd er það jafnvel talið þar minna en fyrir mörg önnur háhitasvæði.

- **Bls. 13: 3. mgr**. Spurning hvort ekki megi lýsa gerð strandlengjunnar betur en með orðunum „miklar og fagrar"? - er um að ræða stórskorna strandlengju, vogskorna, stórgrýtta, sendna eða eitthvað annað. Í öðrum punkti efst í vinstri dálki „Jarðvangur mun...". Erfitt er að sjá hvernig jarðvangur eigi að móta ramma, er hér átt við sveitarfélögin eða samvinnunefnd þeirra. Þarf að gera skýrara.
- **Bls. 17. Brúni kassinn og síðasta línan í Forsendum hægri textadálki**: Bæta inn hita- og boðveitu.
- **Bls. 18. Hægri textadálkur efsti kafli**: Rétt þykir að benda á að skv. upplýsingum Landsnets er jarðstrengur er um 4-5 sinnum dýrari en loftlína, endingatíminn er um eða innan við helmingur af endingartíma loftlínu, bilanalíkur eru meiri, viðgerðatími lengri, viðgerðakostnaður hærri_og jarðrask er talið meira en þegar loftlínur eru notaðar. Frekari upplýsingar um mismun flutningstegunda er að finna á vef Landsnets. **Vatnsveita í hægri textadálki:** Umsjónaraðili með dreifikerfi.... Breytist og verði: Eigandi og rekstraraðli dreifikerfis.....
- **27. Bls. Samfélag, texti til vinstri við brúnaboxið: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**: E.t.v. mætti minnast á sjúkrahúsið á Ásbrú og möguleika svæðisins á endurhæfingu sjúklinga sem þarfnast aðgerða. **Brúna textaboxið:** 1) bæta inn iðnmenntun og fræðsluferðamennsku, 2) varðandi „viðbragðsáætlun" sem minnst er á í lokapunkti mætti geta vástjórnarkerfi HS sem gert að fyrirmynd og í samvinnu við Almannavarnir Ríkisins.

Í umhverfismatsskýrslu er ekkert minnst á efnisnám og efnistökusvæði og lítillega fjallað um í svæðisskipulagi (lok auðlindakafla). Þetta er þó mikilvæg auðlind og stór svæði á Reykjanesskaga röskuð í þessum tilgangi.

HS Orka hf.
680475-0169
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbær

Júlíus Jónsson, forstjóri

Svæðisskipulag Suðurnesja, umsögn Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs 29.11.2011.

Í áætlun um svæðisskipulag á Suðurnesjum kemur margt fram sem til fyrirmyndar er hvað varðar samvinnu um stefnu, sýn og markmið sveitarfélagana sem að því standa.

Tekið eru undir það sem kemur fram um skynsamlega nýtingu jarðhitaorku og áherslu á verndun menningar- og náttúruminja. Áhersla á uppbyggingu í sátt við náttúruna er mjög jákvæð, og skilgreining jarðvangs er áhugaverð hugmynd.

Þá er sú áhersla sem lögð er á vatnsvernd og fjölbreyttar og vistvænar samgöngur afar jákvæð sem og áætlun um verndun strandlengjunnar.

Helstu snertifletir við skipulagsáætlanir Hafnarfjarðar eru annars vegar á sviði jarðvarma og raforkuflutnings (bls. 17) og hins vegar í tengslum við samgöngur.

Tekið eru undir áform um að eiga gott samstarf við Hafnarfjarðarbæ að mótun stefnu um legu háspennulína frá mögulegum orkuvinnslusvæðum þar sem fara þarf vel yfir áætlanir, og markmið um náttúruvernd og útivist. Bent er á að Hafnarfjarðarbær hefur nýtingarrétt á öllum jarðhita innan Krýsuvíkur, jafnt innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar og Grindavíkur. Skoða þarf sérstaklega hvernig möguleg flutningskerfi raforku koma til með að falla að skipulagsáætlum þegar til lengri tíma er litið og skoða sérstaklega kosti þess að fara annars vegar eftir meginflutningskerfi Landsnets eða hins vegar meðfram Suðurstrandarvegi.

Sett eru fram skýr markmið um samvinnu varðandi þessa þætti ,einkum hið fyrr nefnda. Þá mætti skoða enn frekar aukna samlegð samgönguáætlana svo sem lagningu göngu- og hjólreiðastíga sem koma að mörkum Hafnarfjarðar.

Þá er mikillvægt að samstarf sé milli sveitarfélaganna á Suðurnesum og á Höfuðborgarsvæðinu varðand uppbyggingu hafnarmannvirkja, eins og kemur fram í stefnumörkun svæðisskipulagsins um hafnir (bls.19).

Áframhaldandi uppbygging flugvallarins er jákvæð og gegnir miklu hlutverki varðandi atvinnuuppbyggingu á Suðvesturlandi.

Þá má nefna að mikilvægt er að tengsl séu milli svæðisskipulags Suðurnesja og væntalnegs svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins.

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: arnije@landsnet.is
Sent: 28. nóvember 2011 16:56
To: asmundur@svgardur.is
Cc: Stefán Gunnar Thors VSÓ; Hildur@landsnet.is; saemundur@landsnet.is
Subject: Umsögn um drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Sæll Ásmundur

Vísað er í drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 sem dagsett eru 17.10.2011 og bárust Landsneti frá VSÓ RÁÐGJÖF.

Fjallað er um flutningskerfi raforku í kaflanum "Veitur og Samgöngur". Þar kemur fram að stefna samvinnunefndarinnar sé að skoða skuli möguleika á orkuvinnslu á 3 svæðum á Suðurnesjum, sem eru (1) Reykjanes og Stóra Sandvík, (2) Eldvörp-Svartsengi og (3) Trölladyngja, Sandfell og Sveifluháls. Slíkri orkuvinnslu fylgi orkuflutningar og fara þurfi með gát við val á flutningsleiðum raforku vegna náttúruverndargildis þessara svæða.

Vegna mögulegrar orkuvinnslu við Trölladyngju, Sandfell og Sveifluháls kemur fram að litið hefur verið til nokkurra leiða s.s. að fara stystu leið að Suðurnesjalínum og fylgja Suðurstrandarvegi og Grindavíkurvegi að Svartsengi. Umrædd svæði séu viðkvæm og hafi gildi sem náttúru- og jarðfræðifyrirbrigði sem og til útivistar. Jafnframt tengist hugmyndir um orkuvinnslu og raforkuflutning hagsmunum Hafnfirðinga. Það þarf því að marka stefnu um hvoru tveggja í samráði við Hafnarfjarðarbæ. Svæðisskipulagsnefndin leggur fram þá tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Helstu rök þessarar niðurstöðu eru að fylgt er núverandi mannvirkjabelti og því dregið úr umhverfisáhrifum og leiðin er styttri en leið meðfram Suðurstrandarvegi og því hagkvæmari. Þá gefur sú leið jafnframt möguleika á að liggja að öllu leyti utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða, en þá mun hún hins vegar ekki fylgja núverandi mannvirkjabelti alla leið að tengivirki.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að þrátt fyrir þessa stefnu samvinnunefndarinnar þurfi að huga að mörgum þáttum áður en ákvörðun verði tekin um lagnaleið og útfærslu hennar.

Landsnet bendir á að á fyrri stigum hafa ýmsar leiðir verið til skoðunar innan fyrirtækisins varðandi tengingu þessara svæða. Um svæðin ríkir ákveðin óvissa og hefur vinnan því legið niðri um nokkurt skeið og þess beðið að betri forsendur liggi fyrir um stærð orkuvinnslusvæðanna, nánari staðsetningu virkjana og virkjanaröð.

Nýlega hefur Landsnet fundað með orkuvinnsluaðilum á svæðinu og framundan er að hefja að nýju kerfisgreiningu og kerfishönnun á grundvelli nýrra forsendna.

Við skoðun á tengingu þessara svæða þarf að leggja til grundvallar sviðsmyndir sem taka tillit til orkuframleiðslu og álagsdreifingar í flutningskerfinu í heild sinni og styrkleika þess. Að mati Landsnets er ótímabært að leggja til eina hugsanlega orkuflutningsleið eins og gert er drögunum og á þessu stigi er t.d. ekki hægt að fullyrða hvort tenging til Hafnarfjarðar sé tæknilega fýsileg lausn.

Því leggst Landsnet gegn því að möguleg tenging frá Sveifluhálsi til Hafnarfjarðar sé sýnd að sinni.

Landsnet bendir einnig á að í kaflanum um aðgerðir til raforkuflutninga er fjallað um þá stefnumótun, sem þarf að fara fram varðandi hugsanlegar tengingar á svæðinu. Í upptalningu samráðsaðila um slíkar útfærslur er Landsnet ekki nefnt sem samstarfsaðili við þá vinnu og eru gerðar athugasemdir við það. Landsnet óskar eftir því að fá aðkomu að málinu á fyrstu stigum, enda verið að móta stefnu um orkuteningar sem eru á ábyrgð fyrirtækisins og verða lögum samkvæmt að uppfylla ákveðin skilyrði um hagkvæmni, öryggi, skilvirkni áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets,

Árni Jón Elíasson

LANDSNET

Kveðja / Regards
Árni Jón Elíasson
Kerfisþróun / System Planning
Tel: +354 563-9350 / +354 856-9350 / arnije@landsnet.is / www.landsnet.is

Efni þessa tölvupósts og viðhengja kann að vera trúnaðarmál. Hafi tölvupósturinn ekki verið ætlaður yður heldur borist fyrir misgáning er þess óskað að þér gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda tafarlaust og eyðið tölvupóstinum. Misbrestur getur varðað bótaábyrgð og refsingu. Sjá nánar lög um fjarskipti nr. 81/2003.
Tölvupósturinn er á ábyrgð sendanda ef hann tengist ekki starfsemi Landsnets eða tengdra félaga.

This message including attachments may contain information which is confidential. If you are not the intended recipient and have received the message through mistake, you are kindly requested to treat it in strict confidence and to notify us without delay, as well as to delete the message. Failure may entail civil and criminal liability.
See act no. 81/2003 in Telecommunications. The message is at the responsibility of the sender if it is not connected with the operations of Landsnet and/or related companies

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Ásmundur Friðriksson <asmundur@svgardur.is>
Sent: 22. nóvember 2011 17:34
To: 'Arinbjörn Vilhjálmsson'
Cc: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: RE: 1110300 - Svæðisskipulag Suðurnesja, ábending við drög

Sæll
Þakka þér, sendi afrit á Stefán Gunnar.

Með vinsemd
Ásmundur Friðriksson
Bæjarstjóri Garði
Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4
250 Garður
www.svgardur.is
422 0200/ 894 3900

From: Arinbjörn Vilhjálmsson [mailto:Arinbjorn@gardabaer.is]
Sent: 22. nóvember 2011 10:58
To: Ásmundur Friðriksson
Subject: FW: 1110300 - Svæðisskipulag Suðurnesja, ábending við drög

Sæll Ásmundur

Ég vil biðja þig um að leggja þessa ábendingu (þessi tölvupóstur hér að neðan) okkar til hliðar því að það kemur á daginn að Garðabær er búinn að draga sig út úr kröfugerðum vegna þessar lögsögumarka. Ég hafði hinsvegar ekki frétt af því.

Það er þarafleiðandi engin óvissa um þessi mörk af okkar hálfu.

Vinsamlega staðfestu móttöku á þessum tölvupósti.

Með kveðju
Arinbjörn

From: Arinbjörn Vilhjálmsson
Sent: 18. nóvember 2011 10:51
To: 'asmundur@svgardur.is'
Subject: 1110300 - Svæðisskipulag Suðurnesja, ábending við drög

Sæll Ásmundur

Erindi ykkar dags. 27.október 2011 var tekið fyrir í skipulagsnefnd Garðabæjar í gær og eftirfarandi bókað.

„Svæðisskipulag Suðurnesja – 11 10 300

> ***Skipulagsnefnd bendir á eftirfarandi vegna draga að svæðisskipulagi Suðurnesja:***
>
> ***„Í svæðisskipulagi þarf að taka fram að óvissa sé um lögsögumörk Grindavíkur og Garðabæjar samanber Aðalskipulag Garðabæjar 2014-2016 og þar af leiðandi mörk milli svæðisskipulags Suðurnesja og Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.„***

Skipulagsstjóra falið að koma ábendingu á framfæri við samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja.

Auður Hallgrímsdóttir óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar:
„Auðlindir Garðabæjar eru mikilvægar fyrir framtíð Garðbæinga sem undirstaða atvinnuuppbygginar (orkuvinnsla og ferðaþjónusta) sjálfbærar þróunar (náttúruvernd og vatnsvernd) og gæði búsetu (aðgengi að útivist, náttúru og neysluvatni).Í Garðabæ eru á Náttúruminjaskrá svæði sem hafa að geyma sérstæðar jarðmyndanir en einnig strandlengju sem er lítt snortin og býður upp á mikla fjölbreytni í landslagi og náttúrufari. Þar af er eitt náttúruvætti Búrfell og hraunið til sjávar með tröðum, gjám og sprungum og friðlýst strandlengja Gálgahrauns. Friðlýsing felur í sér takmarkanir á landnotkun og hún þarf einnig að fela í sér skýra framtíðarsýn á aðgengi og viðhald viðkomandi svæða. Bæjaryfirvöld í Garðabæ ættu að huga að stefnu um jarðvang (Eldfjallagarð/geopark)í samstarfi við sveitafélögin á höfuborgarsvæðinu og á Suðurnesjunum. Jarðvang sem næði frá Þingvöllum að Reykjanestá.Í Garðabæ eru sérstæðar jarðmyndanir á heimsmælikvarða og ber að vernda þær og skipuleggja með þeim hætti að þær séu aðgengilegar fólki og að upplýsingum sé miðlað. Við mótun jarðvangs/eldfjallagarðs í Garðabæ verði tekið tillit til náttúruminja og hlutverka þeirra í atvinnusköpun í bænum.“

Auður óskaði auk þess eftir því að fá að kynna hugmyndir sínar um jarðvang (Geopark) í nefndinni við fyrsta tækifæri.“

Er þessari bókun hér með komið á framfæri við samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja sem ábendingu um drög að svæðisskipulaginu. Bókun á eftir að hljóta staðfestingu í bæjarstjórn en er send strax þar sem frestur til að koma með ábendingar rann út í gær.

Með kveðju
Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

Svæðisskipulag Suðurnesja
Bæjarskrifstofur Garðs
Sunnubraut 4,
250 Garður.

Athugasemdir við Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Vegna Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024 viljum við undirrituð gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Vegna umfjöllunar um línuleið yfir eignarlönd í Sveitarfélaginu Vogum viljum við landeigendur í Sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd taka fram að við leyfum einungis lagningu jarðstrengja á umræddu línustæði yfir eignalönd okkar. Við vitnum í samþykkt landeigendafundar 10. ágúst s. l., þar sem mikill meirihluti landeigenda samþykkti mótatkvæðalaust að skora á sveitarstjórn Sveitarfélagsins Voga að gera breytingu á aðalskipulagi á þá leið að Suðvesturlína verði lögð í jörð frekar en í loftlínu.

   Fram kemur í Svæðisskipulaginu að áætlað er að árið 2024 fari meira en 4,3 milljónir ferðamanna um Keflavíkurflugvöll samanborið við 1,8 milljón árið 2010. Sé miðað við að erlendir ferðamenn séu svipað hlutfall þessara farþega og verið hefur hingað til, má ætla að árið 2024 verði erlendir ferðamenn orðnir 1,3 – 1,5 milljónir á ári, miðað við t.d. 460.000 árið 2009. Slík aukning í komu erlendra ferðamanna ætti að gefa tækifæri til gífurlegarar sóknar í ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingar henni tengdri á Suðurnesjum. Þegar hins vegar stauravirki og háspennulínur verður fyrsta sýn þeirra erlendu ferðamenn sem hingað koma og mætir þeim hvívetna verður erfitt að byggja upp ímynd Reykjanesskagans sem náttúruperlu sem vert sé að skoða nánar og sóknarfæri í ferðaþjónustu verða torsótt. Því höfunum við lagningu háspennulína í lofti yfir eignarlönd okkar þar sem slík framkvæmd mun verulega hamla og rýra tækifæri til atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu og greinum henni tengdri, ekki einungis í sveitarfélaginu Vogum heldur á öllum Suðurnesjum. Slíkar línur eyðileggja gjörsamlega land innan sveitarfélagsins og rýra mjög lífsgæði á svæðinu.

2. Við mótmælum því að skilgreina eignarlönd okkar meðfram Reykjanesbraut að sunnanverðu sem grannsvæði vatnsverndar, alla leið að landi Hafnarfjarðar. Skv. gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga er stór hluti þessa svæðis skilgreindur sem óbyggt svæði, en annað sem fjarsvæði vatnsverndar. Við vísum til meðalhófsreglu stjórnskipunar og stjórnsýslulaga, sem felur í sér, að stjórnvöld eigi ekki að ganga lengra í því að þrengja að hag borgaranna en ítrasta nauðsyn ber til, þ. á m. að sjálfsögðu, að ekki beri að setja meiri takmarkanir á eignarréttinn og ráðstöfun hans en alveg er nauðsynlegt vegna almannahagsmuna, sem sýnt er fram á. Meðalhófsreglan skv.12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er svohljóðandi:

   12. gr. *Meðalhófsreglan.*
   Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

   Vatnsvernd er vissulega lögmætt markmið, en í þessari tillögu er gengið allt of langt. Allt of stórt svæði er tekið undir og afmarkað sem grannsvæði í stað fjarsvæðis vatnsverndar. Slíkum afmörkunum væri nær að beita í nágrenni byggðar þar sem víða eru meiri vatnsstraumar. Við minnum á að stærstur hluti fyrirhugaðs grannsvæðis á sjálfri Vatnsleysuströndinni tilheyrir lögbýlisjörðum á Vatnsleysuströnd sem hvorki njóta vatnsveitu né hitaveitu. Hver bær hefur sína borholu aflar sér vatns algjörlega á sinn kostnað.

3. Við mótmælum allri mengandi stóriðju á Keilisnesi.
   Íbúar á Vatnsleysuströndinni hafa frá ómunatíð lifað af landsins gæðum, landbúnaði, sjósókn og öðru því sem jarðirnar gefa af sér. Má segja að íbúar á Vatnsleysuströnd lifi í sátt við sögu svæðisins en á Vatnsleysuströndinni hafa varðveist minjar um sjósókn og búskaparhætti fyrri tíðar, s.s. sjóhús, varir, hlaðnir brunnar, hlaðin jarðhýsi til frystingar á beitu, tóftir fjölda gamalla hlaðinna bæja og svo mætti lengi telja. Þessar minjar hafa varðveist vegna virðingar íbúanna á sögu svæðissins og áhuga þeirra á að búa í hreinu óspilltu umhverfi í sátt við náttúruna. Mengangi stóriðja á Keilisnesi eins og t.d. álver, gerir Vatnsleysuströndina að mestu óbyggilega enda félli stærsti hluti Strandarinnar innan þynningasvæðis verksmiðjunnar. Við höfnum allri slíkri starfssemi á Keilisnesi.

4. Við fögnum markmiði um skilgreiningu á tækifærum sem tengjast jarðvísindum, jarðsögu og menningarminjum. Kortlagningu áhugaverðra svæða staðbundinna og á heimsvísu, sem og skilgreiningu jarðvangs á Reykjanesskaga. Reykjanesskraginn er jarðsögulega einstakur. Aðeins á einum öðrum stað í heiminum gengur úthafshryggur á land á mótum tveggja jarðskorpufleka með sýnilegum ummerkjum eldsumbrota liðinna árþúsunda. Á svæðinu er gnótt náttúruperla sem þarf að kynna fyrir íbúum svæðissins, ferðamönnum og landsmönnum öllum. Náttúran er okkar auðlind, en

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Sammvinnunefnd Svæðisskipulags Suðurnesja
Bæjarskrifstofur Garðs
Sunnubraut 4
250 Garði

Reykjavík 17. nóvember 2011
Tilv.: IRR11100334/17.16.1

Efni: Kynning á drögum að Svæðaskipulagin Suðurnesja 2008-2024.

Innanríkisráðuneytið hefur móttekið bréf nefndarinnar frá 27. október 2011 og gerir ekki athugasemdir við drög að Svæðaskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbergur Björnsson

Friðfinnur Skaftason

einungis ef við göngum um hana af virðingu og varðveitum hana fyrir okkur sjálf og komandi kynslóðir.

5. Við gerum athugasemd við lista yfir verndum náttúruminja á Suðurnesjum, þar sem Keilir og Höskuldarvellir eru sagðir í Grindavík og Sveitarfélaginu Vogum. Hið rétta er að Keilir og Höskuldarvellir eru einungis í Sveitarfélaginu Vogum; Keilir er á landi Landakots og Þórustaða og Höskuldarvellir í Vatnsleysulandi sbr. sóknarlýsingu séra Geirs Bachmanns prests í Grindavík frá árinu 1840-41. Hann segir hreppamörkin liggja uppi á Núphlíðarhálsi.

6. Vegna umfjöllunar um almenningssamgöngur er rétt að taka fram að engar almenningssamgöngur hafa verið um Vatnsleysuströndina í áraraðir eða síðan sérleyfishafinn SBK ákvað að leggja niður ferðir um Ströndina. Almenningssamgöngur ættu að vera grunnþjónusta í sérhverju byggðarlagi og ekki ásættanlegt að fyrirtæki haldi sérleyfi á leið sem það ætli sér ekki að sinna.

Vatnsleysuströnd 16. nóvember 2011,

Margrét Guðmundsdóttir, landakoti.
Eydís Franzdóttir, Landakoti.
Þórður Einarsson, kt. 230378-5749
F.h. Reykjaprents ehf., kt. 770366-0149
Þórður Einarsson
F.h. Ólafs Þórs Jónssonar, kt. 031242-3719,
Þórður Einarsson, skv. handsali
F.h. Sigríðar S. Jónsdóttur, kt. 280337-4129,
Þórður Einarsson, skv. handsali
Anna-María Franksd. Stóra-Vatnsleysu.
FH Eigendafélags Stóra Knarrarnes
Ólafur Guðlaugsson 020960-4779

Svæðisskipulag Suðurnesja
Bæjarskrifstofur Garðs
Sunnubraut 4
250 Garður

LANDVERND

17. nóvember 2011

Umsögn um drög að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Landvernd fagnar markmiðum í auðlindakafla (bls. 7) um að skilgreina eigi sameiginleg tækifæri sem tengjast jarðvísindum, jarðsögu og menningarminjum. Jafnframt að kortleggja eigi áhugaverð svæði, staðbundið og á heimsvísu. Til að undirstrika þetta er stefnt að því að skilgreina jarðvang á Reykjanesskaga (bls. 7).

Í drögum að svæðisskipulaginu kemur fram að það sé stefna skipulagsins að vinna ekki að óbreyttu að friðlýsingu svæða á Suðurnesjum eins og þau eru afmörkuð í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013, heldur verði þess í stað lögð fram stefna um jarðvang sem nær yfir Suðurnesin (bls. 7). Landvernd telur mikilvægt að fylgja náttúruverndaráætlun eftir og sér ekki nauðsyn þess að hverfa frá henni á svæðinu vegna jarðvangsins, heldur styrki friðlýsing svæða fyrirhugaðan jarðvang. Reyndar er það skoðun Landverndar, og 12 annarra náttúruverndarsamtaka, að stofna beri eldfjallaþjóðgarð á Reykjanesi (Áhugahópur um...o.fl. 2011) til þess að tryggja verndun svæðisins til frambúðar og stuðla að jákvæðri uppbyggingu á ferðaþjónustu og fjölbreyttum útivistarmöguleikum. Landvernd hvetur því til verndunar alls svæðisins innan Reykjanesfólkvangs.

Árið 2002 kynntu Landvernd og Ferðamálasamtök Suðurnesja hugmyndir um eldfjallagarð eða jarðminjagarð (jarðvang) á svæðinu frá Þingvallavatni að Reykjanesi. Slíkur garður hefur nú verið stofnsettur á Suðurlandi, þ.e. Kötlugarðurinn og þar sjá heimamenn fram á talsverða atvinnuuppbyggingu tengda því verkefni. Niðurstöður úr nýlegri meistarprófsritgerð (Helgi Páll Jónsson 2010) benda til að Reykjanesskagi henti vel sem eldfjallagarðssvæði fyrir jarðfræðitengda ferðaþjónustu vegna legu sinnar nálægt höfuðborg og alþjóðaflugvelli en ekki síður vegna hinna fjölbreyttu eldvarpa, gosminja, einstakra hraunhella og háhitasvæða sem þar er að finna. Innan fólkvangsins og í nágrenni hans má enn finna svæði sem falla undir skilgreiningu víðerna. Mjög sérstakt og verðmætt er að slík svæði finnist svo nærri miklu þéttbýli með allri þjónustu (Sigrún Helgadóttir 2004). Í sérstökum ábendingum frá Faghópi II í 2. áfanga rammaáætlunar var bent á að mikilvægi lítt snortinna svæða í nágrenni höfuðborgarinnar hafi líklega verið vanmetið, bæði fyrir útivist þeirra sem þar búa og fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu (Verkefnisstjórn 2011). Það er því rík ástæða til að vernda þetta svæði.

Reykjavík, 17. nóvember 2011

Með vinsemd og virðingu,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar

Heimildir

Áhugahópur um verndun Jökulsánna í Skagafirði, Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Félag um verndun hálendis Austurlands, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN). 2011. *Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða*. Reykjavík, 56 bls.

Helgi Páll Jónsson, (2010). *Eldfjallagarður og jarðminjasvæði á Reykjanesskaga*, in *Jarðvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Meistaraprófsritgerð.* Háskóli Íslands: Reykjavík.

Sigrún Helgadóttir, (2004). *Reykjanesfólkvangur. Upphaf, markmið, framtíð*, Skýrsla unnin fyrir stjórn Reykjanesfólkvangs.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar og iðnaðarráðuneytið (2011). *Niðurstöður 2. áfanga Rammaáætlunar*.

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Ásmundur Friðriksson <asmundur@svgardur.is>
Sent: 17. nóvember 2011 17:48
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: FW: Kynning á drögum að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 - 24, ábendingar
Attachments: Sjóv_skýrsla_Suðurnes.pdf

-----Original Message-----
From: Kristján Helgason
Sent: 17-11-2011, 16:08
To: Ásmundur Friðriksson
Subject: Kynning á drögum að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 - 24, ábendingar

Vísa í bréf dagsett 27. okt. 2011 varðandi kynningu á drögum að svæðisskipulagi Suðurnesja. Óskað var eftir ábendingum frá Siglingastofnun.

Í gögnum sem vísað var í á heimasíðu SSS kemur fram að áhersla er lögð á verndun strandlengju og á korti bls. 8 í greinargerð eru sýnd verndarsvæði.

Siglingastofnun vill koma að þeirri ábendingu að víða við strönd Suðurnesja er landbrots- og flóðahætta. Samfara hækkun sjávarborðs og landsigi mun ágangs sjávar gæta þar meira í framtíðinni.

Á undanförnum árum hefur Siglingastofnun í samráði við sveitarfélög á Suðurnesjum haft umsjón með byggingu sjóvarnargarða allvíða við strandlengjuna. Að mati heimamanna er sums staðar þörf á frekari uppbyggingu sjóvarna til að fyrirbyggja tjón.
Verndun strandlengjunnar og uppbygging sjóvarna fer ekki allskostar saman og rétt að svæðisskipulagið marki einhverja stefnu í því hvar viðhalda á sjóvörnum, hvar sporna á við frekar landbroti/ flóðahættu með nýjum görðum og hvar leyfa á náttúruöflunum að hafa sinn gang.

Siglingastofnun hefur tekið saman í Sjóvarnaskýrslu 2011 yfirlit yfir þá staði þar sem sjóvarnir eru komnar og þar sem þeirra er talin þörf að mati heimamanna. Tilefni þessarar samantektar er þinsályktunartillaga um samgönguáætlun 2011 - 2014 sem væntanlega verður lögð fram á Alþingi á næstunni. Í viðhengi eru kaflar úr skýrslunni sem fjalla um sveitarfélög á Suðurnesjum.

Með kveðju

Kristján Helgason
Siglingastofnun Íslands
Vesturvör 2, 200 Kópavogi
Sími 560 0000/ Fax 560 0060
Netfang: kristjan@sigling.is
(See attached file: Sjóv_skýrsla_Suðurnes.pdf)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Geirfinnur S. Sigurðsson <geirfinnur@vedur.is>
Sent: 31. október 2011 15:50
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: Re: Svæðisskipulag Suðurnesja - Ratsjá Veðurstofu Íslands

Sæll Stefán.

Hér er sá texti sem að við teljum nauðsynlegt að komi fram í svæðisskipulaginu.

Veðurstofa Íslands hefur lagt til forsendur sem tryggja ásættanlega virkni veðurratsjárinnar sem Veðurstofa Íslands starfrækir á Miðnesheiði. Veðurratsjáin er staðsett í hnitum N64°01‘35‘‘ og W22°38‘09‘‘ og er hún notuð til öflunar veðurfarsupplýsinga á svæðinu en einnig er hún mikilvæg við vöktun á eldgosum sem verða á suðvestur hluta landsins. Skilgreindir hafa verið skilmálar sem skulu gilda á áhrifasvæði ratsjárstöðvarinnar.

1. *1. Takmörkunarsvæði sem er afmörkun á mikilvægu sjónsvæði ratsjárstöðvarinnar.*

   Sveitarfélögin Sandgerðisbær og Reykjanesbær skulu hafa samráð við Veðurstofu Íslands áður en veitt er byggingarleyfi fyrir mannvirkjum innan 1000 m radíusar frá staðsetningu ratsjárstöðvarinnar sem eru hærri en 41,5 m y.s. og fara því yfir sjónlínu ratsjárstöðvarinnar.

2. *2. Öryggissvæði.*

   Almenn umferð og starfsemi verði ekki skipulögð eða heimiluð innan 100 m radíusar frá ratsjárstöðinni.

Ég byðst afsökunar á hversu seint þér berst þessi texti en vona að hægt sé að koma honum inn í skjalið á þessum tímapunkti.

Kveðja,
Geirfinnur Sigurðsson

****
Veðurstofa Íslands / Icelandic Meteorological Office
Athugana og Tæknisvið / Observations
Bústaðavegur 9, 150 Reykjavik
Iceland
tel + 354 522 6025
mobile + 354 774 8554
www.vedur.is

Frá: "Stefán Gunnar Thors VSÓ" <stefan@vso.is>
Til: "Geirfinnur S. Sigurðsson" <geirfinnur@vedur.is>
Sent: Þriðjudagur, 18. Október, 2011 11:49:17
Efni: RE: Svæðisskipulag Suðurnesja - Ratsjá Veðurstofu Íslands

Það verður í lagi. Drögin verða komin á netið fyrir þann tíma til kynningar, en ég uppfæri svo greinargerðina með ykkar gögnum áður en skipulagið verður auglýst formlega.
Kv. sgt